

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Hulduheimar



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:.....	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	5
2 Um innra mat í leikskólum	7
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Álfhóls um starfið á síðasta ári	9
2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Kardemommubæjar um starfið á síðasta ári.....	11
2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Sjónarhóls um starfið á síðasta ári	14
2.4 Stutt greinargerð deildarstjóra Sólskinsbæjar um starfið á síðasta ári	17
3 Ytra mat	21
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	21
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	23
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	25
7 Foreldrasamvinna	27
8 Samstarf leik- og grunnskóla (Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna).....	29
9 Skipulagsdagar.....	30
10 Fylgigögn.....	31
10.1 Matsgögn.....	31
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	31

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólalagd hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

Leiðarljós okkar eru orð Konfusiusar: „**Segðu mér ég gleymi, sýndu mér ég man, leyfðu mér að reyna, ég skil**“

*Einkunnarorð okkar í leik og starfi er **Virðing – Gleði – Vinátta**, leiðarljós okkar í samskiptum við börn, foreldra og samstarfsfólk (sjá skólanámskrá á heimasíðu bls. 7-10)*

Virðing

- Við sýnum sjálfum okkur og öðrum virðingu með því að skiptast á að tala, við hlustum á aðra án þess að grípa fram í og bíðum eftir að röðin komi að okkur.
- Við biðjumst afsökunar þegar við meiðum, með orðum eða faðmlagi. Okkur líður vel þegar við erum beðin afsökunar og þegar við getum sjálf beðið afsökunar.
- Við berum virðingu fyrir umhverfinu með því að ganga vel um inni og úti og að henda ekki rusli á jörðina. Við göngum frá eftir okkur, förum vel með hlutina, flokkum og endurnýtum.

Gleði

- Við erum glöð þegar við getum bjargað okkur sjálf, þegar við fáum að prófa okkur áfram og uppgötva. Það gerum við með því að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín sem oftast með fjölbreyttum efniviði.
- Við erum glöð þegar við finnum að við getum og kunnum, við erum hvött til sjálfshjálpar og sjálfstæðis.
- Við einblínum á núvitund, njótum augnabliksins og sköpum jákvætt andrúmsloft með gleði því gleðin er smitandi.

Vinátta

- Við sýnum vináttu með því að vera góð hvert við annað og erum hvött til að leyfa öllum að vera með.
- Við leikum okkur saman, hjálpumst að og skemmum ekki fyrir öðrum.
- Við lærum að virða tilfinningar annarra, við skiptumst á og berum virðingu hvert fyrir öðru.

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Á haustmánuðum var ákveðið að ekki yrði að sameiningu tveggja af þremur leikskólum í Grafarvogi, þ.e. Hulduheimar, Engjaborg og Laufskálar. Í kjölfarið að þeirri ákvöðrun var leikskólastjórastaðan í Hulduheimum auglýst til umsóknar en Bryndís Markúsdóttir leikskólastjóri til 20 ára hætti um áramótin. Nýr leikskólastjóri Elín Rós Hansdóttir var ráðin í hennar stað og kom hún til starfa í byrjun apríl. Edda Guðrún aðstoðarleikskólastjóri leysti af á meðan og með duglegu og traustu samstarfsfólki gekk vel að halda utan um rekstur leikskólans og halda uppi faglegu og góðu starfi.

Á vormánuðum tók ég Elín Rós Hansdóttir við keflinu í Hulduheimum. Það er einstakur hópur starfsfólks sem hér vinnur og tóku allir sem einn vel á móti undirritaðri. Féll ég strax inn í hópinn eins og ég hefði starfað hér til fjölda ára. Í Hulduheimum starfar samheldinn og faglegur hópur. Mig langar að þakka Bryndísi fyrrverandi leikskólastjóra vel unnin störf og fyrir gott bú að taka við. Edda aðstoðarleikskólastjóri skrifaði hluta af þessari greinargerð þar sem ég tók ekki við fyrr en í apríl á þessu ári, en hún er nú komin í fæðingarorlof og mun Nenna leysa hennar stöðu af á meðan. Það eru spennandi tímar framundan og mikil tilhlökkun að starfa með starfsfólki, börnum og foreldrum Hulduheima.

Skólaárið hefur almennt gengið vel og við höfum náð að halda vel utan um verkefni og áætlanir. Við höfum nýtt mannauðinn okkar vel og verið heppinn með nýtt starfsfólk sem komið hefur inn í okkar flotta og faglega starfsmannahóp síðastliðið ár.

Leikskólinn átti 20 ára afmæli 11. nóvember og þá héldum við upp á stórafmæli leikskólans með opnu húsi á sjálfan afmælisdaginn sem var á laugardegi. Listaverk eftir börnin og skráningar voru hengd upp í leikskólanum. Boðið var upp á ýmsar veitingar og börn, fjölskyldur, starfsmenn og aðrir velunnarar leikskólans mættu í afmælið. Leikskólinn fékk fallegar gjafir og afmælisveislan heppnaðist mjög vel.

Helstu áherslurnar í skólaþróun á árinu voru markviss vinna á öllum deildum með verkefni sem tengist læsi og málörvun. *Lubbi finnur málbein* er námsefni sem notað hefur verið í leikskólastarfi og býður upp á nýja framsetningu á íslensku mállhljóðunum og leggur góðan grunn að lestarnámi og stuðlar jafnframt að betri orðaforða og skýrari framburði. Allir starfsmenn leikskólans fengu námskeið um notkun Lubbaefnisins á fyrsta skipulagsdegi haustsins. Í vetur hafa deildirnar unnið með mállhljóðin og safnað efnivið sem nýtist í þeirri vinnu. Börnin hafa sýnt þessu mikinn áhuga og hverju mállhljóði fylgir lag sem börnin hafa verið að æfa og vekja oftast mikla ánægju í barnahópnum.

Barnaþing var haldið einu sinni í mánuði í vetur, markmiðið er að virkja börnin í lýðræðislegri hugsun og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á skipulag leikskólastarfsins.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri voru með barnaþingið, sem hófst formlega í október og var fram í apríl. Verkefni tengd Barnasáttmálanum voru höfð að leiðarljósi í vetur. Börnin voru mjög

áhugasöm og tóku virkan þátt. Margar góðar og skemmtilegar hugmyndir hafa kviknað. Á barnaþinginu var alltaf heilsað í upphafi og síðan farið með þuluna, *Fingraþula* og í febrúar var þulunni Græn eru laufin bætt við. Hvert þing var endurmetið að því loknu og geymt inn á sameignum þar sem allir gátu nálgast matið. Við munum halda áfram með Barnaþing næsta vetur.

Danskennsla er fastur liður skólastarfinu og gekk vel síðasta starfsár.

Mikill hugur er í starfsfólkinu að endurskoða starfið og dagskipulag leikskólans og gera það enn faglegara á einfaldan hátt. Einnig langar okkur að skoða kennsluaðferðina Leikur að læra og flétta henni inn í hugmyndafræði Reggio Emilia, sjá í umbótaáætlun. Fylgiskjal 10.1.1 Eldri deildarnar eru að skoða matsal og flæði í matinn ásamt stöðvavinnu. Yngri deildarnar eru einnig að skoða flæði/stöðvavinnu við hin ýmsu verkefni og nýta það í hópavinnu. Einnig munum við koma með þá nýbreyttu að hafa jólasamveru/verkstæði fyrir börnin og fjölskyldur þeirra. Þar verður stöðvavinna þar sem börnin og fjölskylda fara á milli stöðva, eiga rólega fjölskyldustund saman og skapa jólastemmingu við gerð jólaföndurs, með jólatónlist, kaffi og meðlæti.


Í mars 2018 fengum við Grænfánann afhentan í annað skipið en hann tákni um markvissa vinnu í umhverfismennt. Við erum mjög ánægð með þennan árangur og með markvissari vinnu næstu tvö árin munum við endurnýja Grænfánann í þriðja sinn árið 2020.

Á starfsdegi haustið 2017 var haldinn fyrirlestur vegna verkefnisins Heilsueflandi leikskóli í Gufunesbæ þar sem nokkrir leikskólar Grafarvogs voru saman á fundi. Í kjölfarið var stofnuð nefnd í Hulduheimum til þess að halda utan um verkefnið. Nefndin hittist á fundi fljótlega eftir skipulagsdaginn þar sem heilsustefna leikskólans var ákveðin. Í verkefninu er unnið eftir gátlistum og var ákveðið að byrja á að vinna eftir gátlistanum um starfsfólk. Unnið var í listanum yfir veturinn og reynt að bæta úr þar þörf var á. Við erum þó ekki alveg búin með þann gátlista en stefnum á að halda áfram að vinna í honum næsta vetur. Í haust byrjum við einnig á nýjum gátlista og fjallar hann um mataræði. Við stefnum á að senda tvær úr nefndinni á ráðstefnu í lok ágúst um jákvæða menntun í heilsueflandi skólastarfi. Hana viljum við nýta okkur til þess að komast enn frekar inn í verkefnið.

2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

Markmið í starfsáætlun og áætlanir deilda voru metnar reglulega á deildarfundum. Á eldri deildum var tvisvar á önninni farið yfir leiðir að markmiðum í starfsáætlun og hvernig deildin hafði áætlað að framfylgja þeim. Einnig var metið á deildarfundum hvernig gengi með dagskipulag, hópastarf, námssviðin, foreldrasamstarf og umbótaáætlun deilda. Á yngri deildum var unnin mánaðarleg námsáætlun út frá starfsáætlun, skólanámskrá og skóladagatali. *Fylgiskjal nr. 10.1.2* Út frá henni var unnið mánaðarlegt endurmatsblað sem matstæki. Þar koma fram markmið mánaðarins og hvernig tókst að framfylgja þeim. *Fylgiskjal 10.1.3*

Þessi eyðublað eru í þróun og munu allar deildar nýta sér þau sem matstæki á næsta starfsári. Jafnframt var farið í endurmat á leiðum að markmiðum í starfsáætlun með öllum starfsmönnum á skipulagsdegi í mars. *Fylgiskjal 10.1.4*

Gátlistar 1 – 3 ára og 4 - 6 ára barna, um sjálfsmynd og félagsfærni, voru unnir fyrir foreldraviðtöl á haust- og vorönn. Umsagnir um elstu börnin voru unnar á vorönn og verða afhentar 1. bekkjar kennara, Vættaskóla-Borgir í ágúst.

Hljóm – 2 „Athugun tengd hljóð og málvitund leikskólabarna“ var lögð fyrir öll elstu börnin í september/október.

Einstaklingsnámskrár barna, þar sem áhersla er lögð á styrkleika barnsins og áhugamál, voru unnar með foreldrum í foreldraviðtölum. Einnig fengu foreldrar senda einstaklingsnámskrá heim fyrir foreldraviðtöl þar sem þeir fengu tækifæri til að hafa áhrif á nám barnsins í leikskólanum og skrá niður þau markmið sem þeir vildu að lögð væri áhersla á í starfi með barninu í leikskólanum. Foreldrar og kennarar endurmatu einstaklingsnámskrár í foreldraviðtölum að vori.

Einnig voru nokkrar spurningar lagðar fyrir hluta af börnunum í tveim elstu árgöngunum. Sjá endurmat barna bls. 19.

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Álfhóls um starfið á síðasta ári

Innra mat Álfhóls

(Innan dagskipulags er komið fyrir öllum þeim þáttum sem okkur ber að vinna eftir (sinna). Móttaka barna: Lögð áhersla á jákvæðni, gleði, ávallt farið til barnsins ef það kemur ekki hlaupandi til okkar, augnsamband, snerting. Frjáls leikur að morgni og morgunverður, ávalt lögð áhersla á málörvun við matarborði. Í samveru að morgni var börnum skipt í tvo hópa eftir aldri og þroska, nýtum bæði herbergi. Áhersla á lestur/söng, í upphafi var sama bókin lesin oft, hvert barn fékk að setjast í fangið á kennara. Þetta á við um yngstu börnin sem lítið sem ekkert voru farin að tala. Gekk mjög vel.)

Það sem hefur gengið vel í vetur: Vinna eftir námsáætlun deildar, aðlögun, samverustundir, útivera, tónlistarstundir, hópastarf fram að jólaundirbúning, (viljum endurskoða), sjálfshjálp í fataklefa og á salerni (miðað við aldur og þroska), barn vikunnar, Lubbastundir vel fram að áramótum (tengt Barni vikunnar). Flæði, þar sem unnið var með listnám barnanna, ákveðið tímabil eftir áramót, skemmtileg vinna sem kom í stað hópastarfs. Tvískipt samverustund fyrir hádegi, þá voru unnin ýmis verkefni með eldri börnunum, t.d. formin, litir, bókstafir, tölustafir og lestur bóka, þetta byrjaði í febrúar. Strax eftir hvíld buðum við upp á fínhreyfiverkefni, spil og annað sem hentaði eldri börnunum á deildinni.

Það sem betur má fara og þarf að endurskoða: Útinám, hópastarf eftir áramót, lubbastundir voru ekki reglulega eftir áramót, aðlögun barna á miðju skólaári truflar starfið og þau börn sem fyrir eru.

Álfhóll Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útinám	Að elstu börnin 2015-2016 fá	Gönguferð, eða fyrirfram	Okt, nóv, 2018.	Deildarstjóri, hópstjóri.	Endurmetið á deildarfund	Áætlun gerð fyrir skólaárið, þ.e. hvað á að gera.

	eina skipulagða stund í mánuði.	ákveðið verkefni.	Mars, apríl, maí, júní 2019		samhliða deildar-námskrá Skráningar mynd/texti.	Sett inn í deildarnámskrá.
Lubba-stundir	Stundirnar verði einu sinni í viku þá lagt fyrir eitt hljóð/stafur. Unnið er með Lubba í tengslum við barn vikunnar, þá upphafsstaf barns o.fl.	Færri börn í hóp, hámark 5 börn, á við um yngstu börnin. Spila Lubba lögin tvisvar í viku í tölvunni.	Okt. 2018	Deildarstjóri og starfsfólk deilda. Mikilvægt að starfsmenn sinni þessu vel og sýni frumkvæði.	Endurmetið á deildarfundi samhliða deildar-námskrá Skráningar mynd/texti	Setja áætlun inn á viðburðadagatal hvaða hljóð/staf á að vinna með í hverri viku.
Flæði/stöðva vinna	Prófa flæðisvinnu í samvinnu við Sólskinsbæ þegar jólaundirbúningur hefst.	Einn til tveir starfsmenn á hverju svæði, bjóða upp á ákveðin verkefni, samvinna milli deilda þegar við á.	Des. 2018	Deildarstjóri og starfsfólk deilda. Mikilvægt að starfsmenn sinni þessu vel og sýni frumkvæði.	Endurmetið á deildarfundi samhliða deildar-námskrá Skráningar mynd/	Listsköpun tengist því starfi sem verið er að vinna að hverju sinni, sjá deildarnámskrá
Dúkku-krókur	Betra aðgengi að efniviði, auðvelda börnunum að víkka út frjálsa leikinn.	Endur-skipuleggja svæði fyrir framan yngri deildar.	Á að vera lokið í október.	Deildarstjórar, leikskólastjóri.	Endurmetið á deildarstjóra fundi í lok okt. 2018	Skoða svæðið og leik barnanna.
Lestur bóka	Að börnin fái gæða málörvunar-stund	Færri börn í hóp og engin utanaðkomandi truflun	Sept. 2018	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Jan. 2019	Að börnin séu ánægð og geti hlustað á sögu.

2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Kardemommubæjar um starfið á síðasta ári

Innra mat Kardemommubæjar

Í upphafi skólaársins ákváðu deildarstjórar tveggja elstu deildanna, Kardemommubæjar og Sjónarhóls, að skipuleggja starfið með börnunum með áherslu á að aldurshópar héldu sem mest hópinn og ynnu saman en báðar deildir voru með börn fædd árið 2012 og 2013.

Í dagskipulagi deildanna var komið fyrir öllum þáttum sem okkur ber að vinna eftir samkvæmt skólanámskrá, starfsáætlun og samstarfsáætlun leik- og grunnskóla. Gekk það skipulag upphaflega nokkuð vel og náðist að halda okkur við áætlun vetrarins að mestu leiti. Um miðjan nóvember og fram að jólum var áhersla á starf tengt jólahátíðinni. Mjög fjölbreytt starf sem þá er unnið og sem dæmi má nefna að jólatuskudýr fer heim með hverju barni eina nótt og í tengslum við það eru börnin hvött til að nefna styrkleika hvers og eins.

Í byrjun desember var farið að bera á óæskilegri hegðun nokkurra barna og í byrjun árs 2018 fengum við hegðunarráðgjafa frá Miðgarði til aðstoðar. Samkvæmt ráðleggingum hans drógum við úr skipulögðum stundum um tíma og frjálsi leikurinn fékk meira rími. Í framhaldi af því var gerð breyting á dagskipulagi deildarinnar sem fól það meðal annars í sér að dregið var úr skipulögðum stundum með Sjónarhóli en árgangarnir héldu þó áfram að fara í íþróttatíma saman og elstu börnin að vinna ákveðin verkefni eftir hádegismatinn. Í febrúar var stöðugildi við deildina aukið um 40% og stuðningstímum fjölgað. Þessar breytingar ásamt fleiri þáttum skiluðu árangri og dró mjög úr óæskilegri hegðun barnanna og meiri ró færðist yfir deildina og auðveldara varð að sinna skipulögðu starfi.

Það sem hefur gengið vel á skólaárinu: Barn vikunnar hefur gengið mjög vel og nýtur vinsælda hjá börnunum. Verkefnin sem tengjast barni vikunar eru fjölbreytt og taka á mörgum námsþáttum. Ákveðið var að allar deildir yrðu með skipulagðar Lubbastundir sem efla markvisst málþroska barna og hljóðkerfisvitund og leggja þannig grunn að lestrarnámi barna. Þessi vinna gekk vel og mörg barnanna áhugasöm og virk.

Íþróttatímar elstu bara gengu mjög vel. Næst elstu börnin fengu líka tíma í íþróttasal Vættaskóla Borgum. Starfið með elstu börnunum hefur gengið mjög vel með áhugaverðum verkefnum, vettvangsferðum, leikfimitímum og góðu samstarfi við grunnskólann. Bóklestur er fastur liður í starfi deildarinnar og mörg börn áhugasamir hlustendur. Ljóðalestur var bættur með því að taka fyrir ljóð í tengslum við Barnaþing og Barn vikunnar. Barnaþing sem haldið var u.þ.b. einu sinni í mánuði var vinsælt hjá börnunum og gaf þeim tækifæri til að tjá sig um ýmis mál og hafa áhrif á skipulag í leikskólanum. Menningarvikur gengu vel og gaman að fræðast um aðrar þjóðir. Einnig höfum við notið þess að hafa á deildinni þrjú börn þar sem annað eða bæði foreldrar tala erlent tungumál. Börnin hafa því kynnst lítilega þeim tungumálum. Að syngja með börnunum gekk líka vel og til marks um góðan

árangur sungu elstu börnin fyrir foreldra og aðra gesti á sviði í Vættaskóla – Borgum. Góð samskipti hafa veri við foreldra og þeir virkir að taka þátt í viðburðum og verkefnum með börnunum (Barn vikunnar). Einnig tóku foreldrar þátt í að móta einstaklingsnámskrá barn sinna í foreldraviðtölum.

Það sem betur má fara og þarf að endurskoða: Þróa Lubbastundir í samræmi við aldur barnanna. Skipuleggja tónlistarstundir og vettvang/útinám barnanna betur. Upplýsa foreldra reglulega um starfið á Facebooksíðu deildarinnar, gera einstaklingsnámskrá barnanna sýnilegri, markvissari hegðunarkennsla og bæta merkingar á deildinni.

Kardemommu bær Umbóta-þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lubbastundir	Stundirnar verði einu sinni í viku.	Að a.m.k. tveir starfsmenn á deildinni hafi umsjón með Lubba-stundum	Hefst sept 2018 lokið vor 2019	Deildarstjóri/ starfsmenn. Mikilvægt allir starfsmenn taki ábyrgð	Skrá viðfangsefni stundarinnar hverju sinni og þátttöku barnanna. Endurmetið mánaðarlega á deildarfundi	Skráningarblöð,
Útinám	Að börnin fari í útinám/vettvangsferðir	Vettvangsferð eða fyrirfram ákveðið verkefni.	Hefst sept 2018 lokið vor 2019	Deildarstjóri	Skráning eftir hverja ferð, hvert var farið, hvernig	Skráningarblöð

	tvisvar í mánuði.				gekk, helsta viðfangsefni.	
Tónlistar- stundir	Áhersla lögð á hljóðgjafa, ljóð og þulur.	Áætlun gerð í upphafi skólaársins og hafa stundirnar einu sinni í viku. Skráning	Hefst sept. 2018	Deildarstjóri/ allir starfsmenn	Endurmeta á deildarfundum mánaðarlega	Börninn læri a.m.k. tvær þulur, kynnist ýmsum hljóðgjöfum og fjölbreyttri tónlist
Einstaklings- námskrár barna	Markvissari vinna til aukins náms og þroska í samvinnu við foreldra	Fara yfir einstaklingsnámskrá barna með foreldrum í október og mars og með starfsmönnum á deildarfunum í nóvember og febrúar.	Hefst nóv. 2018 og lok mars 2019	Deildarstjóri	Skipta börnunum niður á starfsmenn	Endurmetið með stármönnum og foreldrum hvernig til hafi tekist.
Bæta upplýsinga- flæði til foreldra á Facebook síðu deildarinnar	Upplýsa foreldra vikulega um starfið á deildinni.	Ákveða hver sér um að setja inn á síðuna einu sinni í viku. Skrá hvenær sett er inn á síðuna.	Haust 2018 – haust 2019	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Endurmeta mánaðarlega og nota skráningu.	Endurmatsblöð
Hegðunar- kennsla	Gera hegðunar-kennslu markvissari	Áætlun um hvenær ákveðnar reglur eru	Haust 2018 – haust 2019	Allir starfsmenn í samráði við sérkennslustjóra.	Áætlun endurmetin mánaðarlega	Endurmat að vori.

		lagðar inn hjá börnunum. Samræma hegðunar-kennslu í leikskólanum				
Bæta merkingar á deild	Merkingar á hlutum í umhverfinu, merkja leikefni og staðsetningu leikefnis.	Fela einum starfsmanni verkið	Hefst sept 2018 lokið nóv 2018	Deildarstjóri og einn starfmaður	Tekið fyrir á fyrsta deildarfundum september og í lok nóvember 2018.	Að merkingar séu sýnilegar.

2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Sjónarhóls um starfið á síðasta ári

Innra mat Sjónarhóls

Í upphafi skólaársins ákváðu deildarstjórar tveggja elstu deildanna, Sjónarhóls og Kardemommubæjar að skipuleggja starfið með börnunum með áherslu á að aldurhópar héldu sem mest hópinn og ynnu saman en báðar deildir voru með börn fædd árið 2012 og 2013 auk þess var Sjónarhóll með átta börn fædd 2014.

Í dagskipulagi deildanna var komið fyrir öllum þáttum sem okkur ber að vinna eftir samkvæmt skólanámskrá, starfsáætlun og samstarfsáætlun grunn- og leikskóla. Gekk það skipulag upphaflega nokkuð vel og náðist að halda áætlun vetrarins að mestu leiti. Um miðjan nóvember og fram að jólum var unnið að undirbúningi jóla og öllu sem því tilheyrir og gekk það starf mjög vel.

Um áramótin 2018 var tekinn ákvörðun á hinni eldri deildinni, Kardemommubæ um að breyta skipulagi vegna erfiðleika og agavandamála í barnahópnum. Í framhaldi af því endurskipulögðum við dagskipulagið. Okkur tókst þó að halda áfram að vinna vel að þeim þáttum sem áætlað var í upphafi. Árgangarnir héldu áfram að fara saman í íþróttatíma og elstu börnin unnu skólatengd verkefni eftir hádegismat þar sem áhersla var á hljóðkerfisvitund, stafapekkingu, tölustafi, form, úthald, einbeitingu o.fl.

Það sem hefur gengið vel á skólaárinu: er m.a. Barn vikunnar, Lubbastundir, íþróttatímar, söngur og bóklestur, menningarvikur og starfið í kringum jólin. Starfið með elstu börnunum hefur gengið mjög vel með áhugaverðum verkefnum, vettvangsferðum, íþróttatímum og góðu samstarfi við

grunnskólann. Samstarf við foreldra hefur gengið vel og var góð mæting í foreldraviðtöl og viðburði s.s. dömu- og herra kaffi. Mæting á foreldrafundi þar sem starf vetrarins var kynnt var ekki eins góð. Facebook síða deildarinnar er mjög vel virk og hefur gefið góða raun. Samvinna við Vættaskóla/Borgir hefur einnig gengið vel og héldust allar skipulagðar heimsóknir inni. Mikilvægast er þó að börnin á deildinni virðast vera ánægð og glöð alla daga og því til stuðnings eru niðurstöður frá endurmati barna á deildinni þar sem börnin voru spurð nokkra spurninga, sjá endurmat barna bls 19-20. Áætlað var að leggja spurningar fyrir foreldra en ekki hefur orðið af því en nánast allir foreldrar höfðu orð á því í foreldraviðtölum að barni þess liði vel og mætti oftast með bros á vör í leikskólann.

Það sem betur má fara: Þróa enn frekar Lubbastundirnar, endurskoða tónlistarstundir, endurskipuleggja fyrirkomulag útináms, gera einstaklingsnámskrár barnanna sýnilegri og bæta merkingar á deild.

Sjónarhóll Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lubbastundir	Stundirnar verði einu sinni í viku.	Að a.m.k. tveir starfsmenn á deildinni hafi umsjón með Lubba- stundum	Hefst sept 2018 lokið vor 2019	Deildarstjóri/ starfsmenn. Mikilvægt allir starfsmenn taki ábyrgð	Skrá viðfangsefni stundarinnar hverju sinni og þátttöku barnanna. Endurmetið mánaðarlega á deildarfundi	Skráningarblöð,

Útinám	Að börnin fari í útinám/vettvangsferðir tvisvar í mánuði.	Vettvangsferð eða fyrirfram ákveðið verkefni.	Hefst sept 2018 lokið vor 2019	Deildarstjóri	Skráning eftir hverja ferð, hvert var farið, hvernig gekk, helsta viðfangsefni.	Skráningarblöð
Tónlistarstundir	Áhersla lögð á hljóðgjafa, ljóð og þulur.	Áætlun gerð í upphafi skólaársins og hafa stundirnar einu sinni í viku. Skráning	Hefst sept. 2018	Deildarstjóri/ allir starfsmenn	Endurmeta á deildarfundi mánaðarlega	Börnin læri a.m.k. tvær þulur, kynnist ýmsum hljóðgjöfum og fjölbreyttri tónlist
Einstaklingsnámskrár barna	Markvissari vinna til aukins náms og þroska í samvinnu við foreldra	Fara yfir einstaklingsnámskrá barna með foreldrum í október og mars og með starfsmönnum á deildarfunum í nóvember og febrúar.	Hefst nóv. 2018 og lok mars 2019	Deildarstjóri	Skipta börnunum niður á starfsmenn	Endurmetið með stargsmönnum og foreldrum hvernig til hafi tekist.
Bæta merkingar á deild	Merkingar á hlutum í umhverfinu, merkja leikefni og staðsetningu leikefnis.	Fela einum starfsmanni verkið	Hefst sept 2018 lokið nóv 2018	Deildarstjóri og einn starfmaður	Tekið fyrir á fyrsta deildarfundi september og í lok nóvember 2018.	Að merkingar séu sýnilegar.

2.4 Stutt greinargerð deildarstjóra Sólskinsbæjar um starfið á síðasta ári

Innra mat Sólskinsbæjar

Það sem gefur gengið vel í vetur: Að vinna eftir námsáætlun deildar, aðlögun og samverustundir gengu vel reynt var að skipta hópnum í fyrstu samverustund en var allur hópurinn saman í tveimur seinni stundunum, það er alltaf lesin bók og skipulögð fræðsla samkvæmt námsáætlun, sungið, málörvun, sjálfshjálp, barn vikunnar, Lubbastundir fram að áramótum, hópastarf fram að jólaundirbúningi (viljum endurskoða), sjálfshjálp í fataklefa og salerni (miðað við aldur og þroska), flæði þar sem unnið var með listnám, fínhyfingar og grófhreyfingar gekk mjög vel en það tókum við upp í stað skipulags hópastarfs. Eftir hvíld var boðið upp á fínhyfiverkefni, leir, spil, púsl fyrir eldri börnin á meðan þau yngri sváfu. Útivera gekk mjög vel alltaf farið út fyrir hádegi og þegar veður lagaðist þá var líka farið út eftir nónhressingu.

Það sem betur má fara og þarf að endurskoða: Útinám, hópastarf eftir áramót, Lubbastundir (gekk vel það sem tengdist barni vikunnar) en voru ekki nógu markvissar, tónlistarstundir.

Sólskins- bær Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útinám	Að elstu börnin fái eina skipu- lagða stund í mánuði.	Gönguferð eða fyrirfram ákveðið verkefni.	Okt, nóv, mars, apríl, maí, júní 2018	Deildarstjóri/hóp- stjóri	Endurmetið á deildar- fundi sam- hliða deildar- námskrá.	Áætlun gerð fyrir skólaárið, þ.e. hvað á að gera. Sett inn í deildarnámskrá.

					Skráningar mynd/texti.	
Lubba- stundir	Stundir verða einu sinni í viku þá lagt inn eitt hljóð/stafur. Unnið er með Lubba í tengslum við „Barn vikunnar“, þá upphafsstaf barnsins o.fl..	Færri börn í hóp þegar Lubbastund er hámark 5 börn. Spila Lubbalögin a.m.k. tvisvar í viku í tölvunni.	Sept 2018 eftir aðlögun.	Deildarstjóri og starfsfólk á deilda. Mikilvægt að allir starfsmenn á deildinni sinni þessu vel og sýni frumkvæði.	Endurmetið á deildarfundum samhliða deildar námskrá. Skráningar mynd/texti.	Setja áætlun inn á viðburðardagatal hvaða hljóð/staf á að vinna með.
Fæði/stöð- vavinna	Einu sinni í viku	Starfsmaður, einn til tveir, fara á svæði og bjóða upp á ákveðin verkefni. Samvinna milli deilda þegar við á.	Þegar vetrarstarf hefst.	Deildarstjóri og starfsfólk á deildinni. Mikilvægt að allir starfsmenn á deildinni sinni þessu vel og sýni frumkvæði.	Endurmetið á deildarfundum samhliða deildar námskrá. Skráningar mynd/texti.	Listsköpun tengist því starfi sem við erum að vinna hverju sinni, sjá deildarnámskrá.
Tónlistar- stundir	Efla það að taka hljóðfæri og leyfa börnunum að prófa. Spila meira tónlist fyrir þau. Vorum ekki nógu duglegar að gera það í vetur.	Hafa annan dag en Álfhóll ekki gott að ætla að nota sömu hljóðfærin á sama tíma.	Þegar vetrarstarf hefst	Deildarstjóri og annað starfsfólk á deild.	Endurmetið á deildarfundum samhliða deildar námskrá.	Farið yfir á deildarfundum hvort við höfum farið eftir settu markmiði sem sett er á dagskipulag.
Dúkkur- krókur	Hafa betra aðgengi að efniviði. Auðvelda börnunum að	Endurskipuleggja leiksvæðið fyrir framan	Á að vera lokið í október.	Deildarstjóri og leikskólastjóri	Endurmetið á deildarstjórafundi í lok október 2018	Skoða svæðið og leik barnanna.

Lestur bóka	víkka út frjálsa leikinn.	yngrir deildarnar.				
	Að börnin fá gæða málörvunarsund	Færri börn í hóp og engin utanaðkomandi truflun	Sept. 2018	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Jan. 2019	Að börnin séu ánægð og geti hlustað á sögu.

Endurmat barna:

Fjórar spurningar voru lagðar fyrir fimmtán börn fædd 2012 og nítján börn fædd 2013, samtals 34 börn. Helsti tilgangur könnunarinnar var að gera okkur betur grein fyrir líðan barnanna í leikskólanum og hvað þeim finnst áhugavert að fást við.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar einslega fyrir börnin í maí 2018:

1. Hvernig finnst þér að vera í leikskólanum?
2. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera úti í leikskólanum?
3. Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn í leikskólanum?
4. Finnst þér einhvern tíman leiðinlegt í leikskólanum? Ef svo er, hvað finnst þér leiðinlegt?

Öll börnin í árgangi 2012 svara að það sé gaman/skemmtilegt í leikskólanum. Í árgangi 2013 finnst fimmtán börnum gaman/skemmtilegt í leikskólanum og fjórum börnum finnst ekki gaman. Í útiveru er frjáls leikur vinsælastur en þar á eftir koma rólurnar og því næst rennibrautin. Lang vinsælasta svæðið í leikskólanum hjá báðum árgöngum er Holu-kubbasvæðið (21/34), þar á eftir er útileiksvæðið og að leika á deildinni. Þegar spurt er hvort einhvern tímann sé leiðinlegt í leikskólanum þá kemur fram að flestum (21/34) barni finnst leiðinlegt í leikskólanum þegar verið er að stríða, meiða eða enginn vill leika. Ef við tökum út þessa félagslegu þætti þá kemur fram að nánast öllum börnum finnst gaman/skemmtilegt í leikskólanum. Svör barnanna varðandi hvað þeim finnst leiðinlegt í leikskólanum

sýnir okkur að þörf er á að endurskoða hegðunarstefnu leikskólans og er það einn af umbótaþáttum okkar.



3 Ytra mat

Var gert mat á leikskólastarfinu á vegum SFS, menntamálaráðuneytis eða annarra aðila á síðasta ári?

Ef svo er, látið eftirfarandi koma fram:

Það var gerð könnun á meðal starfsfólks og þar sem nýr leikskólastjóri hefur ekki fengið aðgang að henni eftir ítrekaðar tilraunir er því miður ekki hægt að birta niðurstöður og umbótaþætti hér.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðar-aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæm um við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Í vetur voru sex börn sem nutu sérkennslu, tvö þeirra fluttu í annan leikskóla yfir veturinn. Í upphafi hausts var einn sérkennari og sérkennslustjóri sem sinntu stuðningi. Frá byrjun febrúar hóf annar starfsmaður störf við sérkennslu og þriðji starfsmaður kom þegar úthlutað var 40% stöðugildi til viðbótar við sérkennslustjórastöðuna frá miðjum febrúar 2018 til 1. september 2018. Markmið sérkennslunnar er að koma til móts við þarfir barnanna þannig að hvert barn fái að njóta sín sem best og geti tekið virkan þátt í daglegu starfi deildar.

Börnin sem nutu sérkennsla voru öll metin með AEPS- færnimiðað matskerfi og TRAS – skráning á málproska ungra barna. Listana fylltu út sérkennslustjóri, sérkennarar og deildarstjórar og voru þeir endurmetnir reglulega yfir veturinn. Einstaklingsmarkmið fyrir hvert barn voru ákveðin út frá þessum listum og ráðleggingum frá öðrum fagaðilum. Áherslurnar hafa verið meðal annars á markvissa málörvun, gróf- og fínhyfipjálfun og tilfinninga- og félagsfærniþjálfun. Eitt barn var í atferlisþjálfun þennan vetur. Unnið hefur verið mikið með börnin inn á deild en einnig í einstaklingsþjálfun þegar við á. Lagt var upp úr góðu samstarfi við foreldra. Teymisfundir voru á sex til átta vikna fresti undir stjórn sérkennslustjóra. Samstarf við þjónustumiðstöðina í Miðgarði og þá sérfræðinga sem vinna þar gekk vel líkt og undanfarin ár. Samráðsfundir með sérfræðingum Miðgarðs voru haldnir á átta vikna fresti yfir veturinn. Fundirnir voru skilvirkir og veita stjórnendum faglegan stuðning og utanumhald. Starfið í vetur gekk að mestu leyti vel. Þar sem sérkennslustjóri og allir sérkennarar voru nýir í starfi þennan vetur fór ágætur tími í að setja sig inn í einstaka mál, þjálfa upp starfsfólk, ákveða hvaða skipulag hentaði best og sækja ráðgjöf og þekkingu til annarra fagaðila. Sérkennslustjóri sinnti stuðningstímum meir en ætlunin var og því var málörvun alfarið á herðum deildanna þennan vetur. Mikill tími fór í utanumhald, þjálfun og ráðgjöf við sérkennara, fundi með sérfræðingum og foreldrum og fylgja eftir málum hvers og eins barns. Samvinna sérkennslustjóra og deildarstjóra gekk vel, samstarf hefði mátt vera meira hvað varðar málörvun. Sérkennslustjóri var deildarstjórum innan handar þegar þörf var á og kom með ráðgjöf og kom málum í réttan farveg þegar við átti. Sérkennslustjóri mætti á deildarfundi þegar þörf var á en það mætti auka það fyrir næsta vetur ásamt því að hafa fund að hausti með hverjum og einum deildarstjóra til að fara yfir barnahópinn.

Sérkennsla Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Sérkennslustjóri komi oftár á deildarfundi	Festa niður fyrir árið þá deildarfundi sem sérkennslustjóri kemur á.	Sept 2018 til maí 2019.	Sérkennslustjóri	Fundagerðir	Endurmat að vori.
	Sérkennslustjóri fundi með deildarstjórum	Fara yfir barnahópinn og skoða	Sept 2018	Sérkennslustjóri	Fundagerðir og	Einn fundur með hverjum deildarstjóra

		saman hvað á að vinna að þennan vetur á deildinni.			skráningar þegar við á.	að hausti. Endurmat að vori.
	Málörvunar- hópar	Setja niður málörvunar- hópa fyrir veturinn.	Ágúst 2018	Sérkennslustjóri	Skriflegar skráningar	Málörvunar- hópar séu reglulega í hverjum mánuði og skráningar gerðar með TRAS. Endurmat að vori

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Hvernig er unnið með fjölmennningarlegt leikskólastarf

- Fræðsla og ráðgjöf til starfsfólks?
Sérkennslustjóri Hulduheima Lóa S.F. Ólafsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir verkefnastjóri í fjölmenningu SFS.
- Fjölbreytt heimamenning og tungumál?
Við styðjumst t.d. við ýmis gögn sem búið er að taka saman og setja í tölvu undir „sameignir Fjölmennning, fyrsta viðtal, hefðir og hátíðir“. Við vinnum með alla okkar menningardaga á ákveðinn hátt miðað við aldur og þroska barna. Það felst m.a. í lestri bóka, söngvum/tónlist, leikjum, menningarferðum, útskýringum á orðum, myndum og listnámi. Við styðjumst við upplýsingar sem dreift er á allar deildar frá menningarnefnd.
- Samskipti og virka þátttöku í fjölbreyttum barnahóp?
Tvisvar á ári er menning tengt ákveðnu landi tekin fyrir, þá er valið land sem eitthvert tvítýngt barn frá leikskólanum eða starfsmenn eru frá. Foreldrar viðkomandi barns taka þá þátt í því og koma með kynningu á landi og þjóð í máli og myndum. Börnin fá fræðslu um viðkomandi land, þjóðfáni lands er ávallt litaður/málaður.

Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi

- Markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforði)
Við leggjum áherslu á að tala einfalt mál, mikla endurtekningu, leggjum orð á hluti og athafnir, tölum skýrt við barnið.
- Hvernig er orðforði dýpkaður, með hvaða aðferðum?
Við höfum verið að nota „Tíu mínútna regluna“ farið er yfir á deildarfundum með starfsfólki hvernig hún er notuð og hvaða orð á að leggja áherslu á. Dæmi: næstu tvær vikur ætlum við að leggja áherslu á orð tengt tilfinningum, leiður, glaður, reiður o.sfrv.
- Hvaða leiðir eru farnar til að fylgjast með framförum barna?
Við fyllum út gátlistann „Samskipti og félagsfærni“ sem er staðlaður listi. Þá fyllum við út einstaklingsáætlun með deildarstarfsmönnun, sem er farið yfir með foreldrum í viðtölum en það er huglægt mat sem byggir m.a. á listanum „Samskipti og félagsfærni“. Hljóm 2 er fyllt út fyrir elstu börnin. Í vetur 2017-2018 fóru deildarstjórar yngri deilda á TRAS námskeið og haustið 2018 fara deildarstjórar eldri deilda. Markmiðið er að fylla listann út fyrir öll börn leikskólans á komandi árum.
- Er hugað að öllum þáttum máls:
 - Orðaforði og málskilningur
 - Tjáning og frásögn
 - Hlustun og hljóðkerfisvitund
 - Ritmál
 - Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun

Við erum að alltaf með þessi atriði í huga í leik og starfi með börnunum. TRAS er mjög gott matstæki til að meta fyrstu þrjá þættina sem gerir okkur þá kleift að finna þau börn sem þurfa meiri stuðning/örvun en önnur.

Ritmálið er mjög sýnilegt, nánast allt er merkt t.d. leikfangakassar með mynd og stöfum. Börnin læra að skrifa nafnið sitt eftir nafnspjaldi, bókstafir sýnilegir á deildum.

Börn eru hvött til að tjá sig, koma fyrir framan hópinn, tjá tilfinningar sínar og líðan. Auka orðaforða sinn m.a. með sögugerð.

Hvernig er samskiptum við foreldra háttað

Móttaka og aðlögun: Í upphafi leikskóladvalar er boðið upp á viðtal með foreldrum, túlk, leikskólastjóra og deildarstjóra. Í þessu viðtali er farið yfir og skrifað undir ýmsa pappíra er varða leikskóladvöl

barnsins. Upplýsingum er miðlað milli leikskóla og foreldra er viðkemur dvöl barnsins á leikskólanum. Foreldrum er bent á ýmsar upplýsingasiður á vef Reykjavíkurborgar, undir fjölmening.

Upplýsingagjöf?

Fer m.a. fram í foreldraviðtölum tvisvar á ári þar sem túlkur er viðstaddur, oftast ef þörf er á. Daglega fer fram upplýsingamiðlun til foreldra, þ.e. hvernig dagurinn hefur gengið ef leitast er eftir því. Sumt er mjög sýnilegt á deildum, eins og hvernig barnið borðaði og svaf. Ef eitthvað kemur upp á er foreldri ávallt látið vita. Stundum getur þetta reynst erfitt ef foreldri skilur lítið t.d. í íslensku eða ensku. Þá nýtum við það sem við höfum eins og orðalista undir fjölmening. Nýtum okkur það ef starfsmaður innan leikskólans talar mál foreldranna, t.d. með því að skrifa niður á blað upplýsingar til foreldra. Þá er líka er líka hægt að fá aðstoð símatúlks. Tengiliður leikskóla Fríða B Jónsdóttir er okkur til halds og trausts. Búið er að safna saman ýmsum gagnlegum upplýsingum sem nýtiast vel í upplýsingagjöf og vista á sameignum undir „fjölmening“.

Samræða um mál og læsi, nám og þroska, stuðningur við móðurmál og íslensku? Fer fram í foreldraviðtölum tvisvar á ári með túlk. Barnið/foreldrar fá bók sem útbúin er í leikskólanum „Ljáðu mér orð“. Bókin er skoðuð með kennara þar sem farið er í hin ýmsu orð, þá fer barnið líka með hana heim til að skoða með foreldrum sínum. Börnin hafa einnig fengið sérstaka málörvun á deildum þar sem m.a. er lesið fyrir þau, spilað með þeim og talað við þau einslega.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Í september eru samtöl við deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Farið er yfir áætlanir og verkefni sem liggja fyrir veturinn og þjálfun nýrra starfsmanna.

Í október eru starfssamtöl við alla starfsmenn. Skipulagið er ekki alltaf það sama, stundum ræður starfsmaðurinn efni viðtalsins en oftast er farið yfir ákveðnar spurningar, markmið starfsþróunar frá því í vorsamtölum rædd og það sem brennur á starfsmanni.

Í febrúar/mars eru starfsþróunarsamtöl við starfsmenn sem verða í vinnu næsta skólaár. Þar er farið yfir starfsþróun, símenntun og markmið fyrir næsta skólaár sem hver starfsmaður setur sér. Ákveðin undirbúningsblöð eru fyrir þessi samtöl. Í samtölunum eru ræddar hugmyndir að starfsþróun starfsmannahópsins fyrir komandi vetur. Leikskólastjóri sér um að taka þessi samtöl.

Fundur og samtöl eru við nýja starfsmenn fyrstu þrjú mánuði í starfi, þar er farið yfir móttökuáætlun, þjálfun, hvatningu og líðan á nýjum vinnustað. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri halda utan um móttöku og móttökuáætlun. Deildarstjórar eru með hvatningar- og leiðbeiningarsamtöl við nýja starfsmenn.

Í nóvember og apríl eiga deildarstjórar samtöl við starfsmenn á viðkomandi deild og þá sem koma að deildinni. Sérkennslustjóri er með samtöl við sérkennara.

Samtöl eru oftar ef þess er þörf.

Símenntun frá síðasta ári:

- Lubbi og málbeinið námskeið. Allir starfsmenn.
- Fyrirverandi leikskólastjóri var með kynningu frá námsferðinni til Reggio Emilia á Ítalíu. Allir starfsmenn.
- Námskeið um verkefnið „Heilsueflandi leikskóli“ þar kynnti verkefnastjóri frá Landlæknisembættinu verkefnið ásamt verkefnastjórum frá Miðgarði. Allir starfsmenn.
- Fyrirlestur með grunnskóla og frístund Vættaskóla „Jákvæð samskipti“ fyrirlesari var Pálmar Ragnarsson. Allir starfsmenn.
- Fyrirlestur um fjölmenningu, fyrirlesari Fríða Bjarney. Allir starfsmenn.
- Helgi hegðunarráðgjafi frá Miðgarði kom í tvö skipti með fyrirlestur um hegðunarvandamál og kom með hugmyndir til að nota í starfi og til að gera hegðunaráætlun fyrir leikskólann. Allir starfsmenn.
- Námskeið TRAS – skráning á málþroska ungra barna. Tveir deildarstjórar.
- Einstaklingsmiðað þjálfunarnámskeið í atferlisíhlutun. Þrír starfsmenn.(sérkennslustjóri og tveir sékennarar).
- Grunnnámskeið um röskun á einhverfurófi. Sérkennslustjóri.
- Ráðstefna SFS „ Við fáum að ráða nema þegar kennarar fá að ráða“. Sex starfsmenn. (Deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri)
- Lubbaráðstefna. Tveir starfsmenn. (Deildarstjórar)
- Námskeiðin „Atferlisþjálfun fyrir börn með þroskafrávik-skráningarnámkeið“ og „Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik“. Einn starfsmaður.(sérkennari)
- Vorráðstefna Greiningar – og ráðgjafastöð ríkisins „Mátturinn í margbreytileikanum. Einhverfa og skyldar raskanir – þekking og leiðir í þjónustu við börn og ungmenni“. Einn starfsmaður. (sérkennslustjóri)
- Námsferð til Brighton útinám og Numicon. Einn starfsmaður.(leikskólastjóri)
- Námskeið um næringu og lýðheilsu barna, fyrirlesari Ólöf frá ISS. Allir starfsmenn.

Áætlun um símenntun í leikskólanum. Önnur fræðsla:

- Námskeið Numicon – stærðfræðikubbanámskeið – virkjum alla til að hafa gaman af stærðfræði. Sjö starfsmenn munu sækja það þann 14. ágúst n.k.

- Grunnnámskeið í kennsluaðferðinni Leikur að læra 24. ágúst. Haldið á skipulagsdegi, allir starfsmenn.
- Kynning á Numicon stærðfræðikubbum á skipulagsdegi 24. ágúst, allir starfsmenn.
- Námskeið TRAS – skráning á málþroska barna. Fjórir starfsmenn munu sækja það 24. september og 15. október.
- Bjartur Guðmundsson leikari og áhugamaður um mannrækt og jákvæða sálfræði mun halda námskeið fyrir starfsmenn níu leikskóla í Grafarvogi 17. okt, allir starfsmenn.
- Hópefli og Ísbrjótur ásamt námskeiðið frá Miðju máls og læsis á skipulagsdegi 23. nóvember, allir starfsmenn
- Skyndihjálparnámskeið 9. janúar. Haldið á skipulagsdegi, allir starfsmenn.
- Námskeið í fjölbreyttum kennsluaðferðum á skipulagsdegi 18. mars, allir starfsmenn.
- Fá fyrirlestur eða námskeið um leikinn.
- Senda nokkra starfsmenn á Lubba námskeið.
- Nokkrir starfsmenn hafa áhuga á að sækja fróðleik um núvítund barna og tilfinningastjórnun.
- Okkur langar að fá Vöndu Sigurgeirsdóttir til okkar að fjalla um eineldi ungra barna.
- Ráðstefna á vegum SFS í tilefni af degi leikskólans mun hluti starfsfólks sækja.
- Námskeið „Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik“. Tveir starfsmenn munu sækja það.

7 Foreldrasamvinna

Foreldraráð

Samkæmt lögum um leikskóla, nr. 90/2008, skal vera starfandi foreldraráð við hvern leikskóla.

- Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú fulltrúar.
- Leikskólastjóri hefur frumkvæði að kosningu í foreldraráð.
- Foreldrar kjósa fulltrúa sína í foreldraráð í september ár hvert til eins árs í senn.
- Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði.
- Foreldraráð setur sér sjálft starfsreglur.

Á foreldrafundum deildanna dagana 18 – 20 september er kosið í foreldraráð, en nú starfa þrjú fulltrúar í ráðinu. Haldnir hafa verið um 3 - 4 fundir á ári eða eftir þörfum og er umsögn gefin með starfsáætlun fyrir lok júní ár hvert. Einn fulltrúi situr í áfallaráði leikskólans.

Hlutverk foreldraráðs

Foreldraráð skal gefa umsagnir til leikskólans og skóla- og frístundaráðs um:

- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans

Samkvæmt leikskólalögum ber skóla- og frístundaráði að samþykkja skólanámskrá og starfsáætlun leikskóla. Til að hægt sé að leggja þær fyrir ráðið þarf umsögn foreldraráðs að liggja fyrir.

Foreldraráð skal fylgjast með:

- Framkvæmd skólanámskrár
- Framkvæmd annarra áætlana innan leikskólans
- Að skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir leikskólans séu kynntar fyrir foreldrum.

Foreldrafundir verða þrjú í haust einn fyrir foreldra yngri deilda, einn fyrir foreldra Sjónarhóls og einn fyrir foreldra Kardemommubæjar. Fundirnir verða dagana 18.–20. september kl. 08:30 – 09:30. Sjá nánar á skóladagatali. Á foreldrafundum er starfsáætlun kynnt í stuttu máli, farið yfir dagskipulag, námsáætlanir deilda auk þess sem hugmyndafræði Reggio Emilia verður kynnt á fundunum. Einnig verður farið yfir læsisáætlun, mikilvægi lesturs, málskilning barna og heyrnarminni, ásamt því að upplýsa foreldra um þá nýbreyttu sem við ætlum að bjóða upp á næsta vetur.

Foreldraviðtöl eru tvö á ári, í október og í mars. Foreldraviðtöl eru oftast ef foreldrar óska eftir því eða ef ástæða þykir til. Við höfum það fyrir reglu að halda alltaf fund og samræma aðgerðir heima og í leikskólanum ef eitthvað kemur uppá sem þarf að skoða betur. Boðað er til annars fundar eftir 3 – 4 vikur og málinu lokað eða framhald ákveðið. Þetta fyrirkomulag hefur reynst einstaklega vel.

Foreldrafélag var stofnað í leikskólanum 1997 og er enn starfandi við leikskólann. Allir foreldrar fá afhent eyðublað um markmið og störf foreldrafélagsins í fyrsta viðtali. Foreldrafélagið er með sína verkefnaáætlun og haldnir eru fimm til sex fundir yfir skólaárið og oftast ef þurfa þykir. Formaður í samráði við stjórn, skilar inn ársskýrslu og gjaldkeri skilar inn uppgjöri eftir hvert skólaár, yfirleitt að hausti.

Foreldradagar verða 15.-17. apríl 2019. Þá gefst foreldrum kostur á að taka þátt í daglegu starfi með börnum sínum og starfsmönnum. Betur auglýst síðar.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

Markmið samstarfs Vættaskóla - Borgir, Hulduheima og Hvergilands miðar að því að auðvelda börnunum flutninginn af fyrsta skólastiginu á annað. Elstu börnin í leikskólanum Hulduheimum eru flest væntanlegir nemendur í Vættaskóla - Borgir og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnst starfinu í skólanum og aðstæðum. Einnig er það skemmtilegt fyrir yngstu nemendur grunnskólans að fá það hlutverk, að taka á móti væntanlegum samnemendum. Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru.

Leikskólinn nýtir íþróttasal í Vættaskóla - Borgir eins og kostur er fyrir tvo elstu árgangana. Á síðasta skólaári var verið að vinna að drögum að áætlun um samstarf til að efla málþroska og læsi, en mælt er til þess að leik- og grunnskólar í sömu hverfum geri þessa áætlun. Leikskólastjóri hafði frumkvæði að þessari vinnu í haust en það gekk ekki og féll því alveg niður. En þróunarvinna við læsisáætlun Miðju máls og læsis (MML) hefur verið haldið áfram hér í leikskólanum.

Í júní 2018 var fundur með yfirmönnum grunnskólans, Hulduheima og Engjaborgar. Farið var yfir helstu dagsetningar í samstarfsáætlun fyrir veturinn 2018-2019, hvernig samstarf síðastliðins vetrar hefur gengið og hvaða þætti þarf að endurskoða. Síðastliðið starfsár voru elstu börnin á Sjónarhóli og Kardemommubæ og gekk samstarfið við Vættaskóla - Borgir vel. Næsta skólaár verða elstu börnin á Kardemommubæ og verða þau 21.

Samstarf 2018 - 2019

Vættaskóli Borgir – Hulduheimar – Hvergiland

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Borgir: 17. ágúst kl. 10:00	Farið yfir niðurstöður úr Hljóm-2 og umsögn með hverju barni.	Borgir	Kennarar beggja skólastiga og forstöðumenn í frístund
Borgir: 11. september kl. 14:00	Fundur kennara leik- og grunnskóla. Farið yfir áætlun og samstarf skólastiganna.	Bókasafn	Kennarar beggja skólastiga og stjórnendur.
Ein heimsókn á barn Borgir: 10. og 11. okt. kl. 8:30-9:40 (óstaðfest vor 2018)	Stafainnlögn, nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk.	Borgir stofa 101	Umsjónarkennarar1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
16. nóvember eftir kl. 10:30	7. bekkjur í Borgum les fyrir leikskólabörnin í Hulduheimum í tilefni af degi íslenskrar tungu. Nokkur börn mæta í einu.	Hulduheimar	Stjórnendur og umsjónarkennara í 7. bekk
Borgir 17. nóv. kl. 10:10 (óstaðfest vor 2018)	Fyrsti bekkur heimsækir leikskólann	Hulduheimar	Deildarstjórar elstu barna sjá um skipulag heimsóknarinnar..

Borgir 20. nóvember Kl. 09:00 – 10:00	Heimsókn elstu barna leikskólanna í skólann. Stjórnendur taka á móti þeim og sýna skólann. Hittast niðri við sal sal	Borgir	Stjórnendur, Vættaskóla hafa samband við leikskólana
Desember Borgir: 4. des.kl. 10:00 (óstaðfest vor 2018)	Nemendur fyrsta bekkjar og leikskólabörnin hittast í Vættaskóla. Jólalögin sungin. Heitt súkkulaði í boði grunnskólans og piparkökur í boði leikskólanna.	Borgir/Engi	Kennarar beggja skólastiga.
Borgir 12. des. kl. 9:10	Börnin í 5. bekk lesa upp jólakveðjur í leikskólunum frá grunnskólabörnunum í Vættaskóla.	Hulduheimar	5. bekkja kennari í samráði við deildarstjóra elstu barna.
Nóvember Hvergiland: 28. nóv.10:00-11:00 (óstaðfest vor 2018)	Kynning á starfi og reglum.	Hvergiland	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna.
Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Janúar Borgir: 19. jan. kl. 10:00-11:15	Leikskólabörn koma í heimsókn í skólann og nemendur hafa það gaman saman	Borgir	Kennarar beggja skólastiga.
Borgir Skipulagt af fagstjóra grunnskólans	Leikskólabörnum boðið í íþróttir, smíði, heimilisfræði, textílmennt og myndmennt með bekk í Vættaskóla .	Borgir	Kennarar beggja skólastiga.
Apríl Borgir: 23. og 24. apríl kl. 8:30-9:40 (óstaðfest vor 2018)	Stafainnlögn, nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk	Borgir stofa 101	Umsjónarkennarar 1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
Mái Borgir 13.mái kl. 15:00	Vorskólaheimsóknir elstu barna og foreldra í Vættaskóla á vegum grunnskólans	Borgir	Skólastjórnendur grunnskóla
Mái	Æfingar elstu barna leikskólans fyrir útskrift/kveðjustund fara fram í Vættaskóla	Borgir	Deildarstjórar sjá um að bóka sali hjá skrifstofustjórum grunnskólans.
Hulduheimar: 13.-17. maí	Elstu börn Hulduheima bjóða 1. bekk á generalprufu útskriftar/kveðjustundar	Borgir	Deildarstjóri sér um að bóka sal hjá Ásu
Hulduheimar 23. maí kl 16:00	Útskrift/kveðjustund. Elstu börn leikskólans bjóða foreldrum og gestum í sal Vættaskóla - Borgir.	Borgir	Deildarstjóri sér um að bóka sal hjá Ásu
Hvergiland 13. mars kl. 13:00-14:00 (óstaðfest vor 2018) 8. maí kl.14:00-15:00	Tvær heimsóknir í Hvergiland Fyrri heimsókn, kynning á starfi og reglum. Seinni heimsókn, þátttaka í starfi frístundaheimilanna kl.	Hvergiland	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna
18.júní Kl. 10:00	Farið yfir síðustu samstarfsáætlun og drög unnin að næstu áætlun.	Borgir	Stjórnendur beggja skólastiga. Deildarstjórar

9 Skipulagsdagar.

Skipulagsdagar eru 6 á ári og verður leikskólinn lokaður allan daginn þessa daga. skipulagsdagarnir nýtast í faglega umræðu, fyrirlestra, námskeið, vinnu við áætlanagerðir, starfsmannafundi, deildarfundi og skipulagningu. Þrír af þessum dögum eru á sama tíma og starfsdagar starfsfólks og

frídagar nemenda í Vættaskóla - Borgir og í grunnskólum Grafarvogs, þ.e. 17. október, 18. mars og 24. maí. Sjá Leikskóladagatal. *Fylgiskjal 10.1.5*

24. ágúst, föstudagur kl. 8:00 – 16:00

Grunnnámskeið í kennsluaðferðinni Leikur að læra. Undirbúningur fyrir haustið, farið yfir starfsáætlun og umbótaáætlanir. Einnig verður farið yfir fleira sem gott er að skerpa á og vinna við endurskoðun dagskipulags og vinna við hegðunarstefnu leikskólans hefst. Deildarfundir í lok dags.

17. október, miðvikudagur kl. 8:30 – 16:30. sameiginlegur með leik - og grunnskólum í Grafarvogi.

Fyrir hádegi erum við með sameiginlegan skipulagsdag með níu leikskólum í Grafarvogi og verður fyrirlestur frá Bjarti Guðmundssyni leikara og áhugamanni um mannrækt og jákvæða sálfræði. Eftir hádegi er áframhaldandi vinna við endurskoðun dagskipulags og deildarfundir. Fá fyrirlestur um leikinn inn á skipulagsdag.

23. nóvember, föstudagur kl 8:00 – 16:00

Hópefli og ísbrjótar ásamt námskeiði frá Miðju máls og læsis. Starfsmannafundur, deildarfundir, Reggio skráning rædd og ígrunduð, dagskipulag skoðað.

9. janúar, miðvikudagur kl 8:00 – 16:00

Skyndihjálparnámskeið frá Rauða krossinum. Starfsmannafundur, deildarfundir, undirbúningur hefst fyrir lotu vetrarins og foreldrasamtöl.

18. mars, mánudagur kl 8:00 – 16:00 sameiginlegur með leik - og grunnskólum í Grafarvogi.

Námskeið um fjölbreyttar kennsluaðferðir verður haldið fyrir hádegi. Starfsmannafundur og deildarfundir. Endurmat unnið og drög að starfsáætlun 2018-2019

24. maí, föstudagur kl 8:00 – 16:00 sameiginlegur með leik - og grunnskólum í Grafarvogi.

Vinna við starfsáætlun haldið áfram, endurmat fyrir veturinn, deildarfundir og starfsmannafundur.

10 Fylgigögn

10.1 Matsgögn

10.2 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Hulduheima

Elín Rós Hansdóttir

Leikskólastjóri

10. júlí 2018

Dagsetning

Fylgirit með starfsáætlun

Umbótaáætlun 2018-2019

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.
Dagskipulag Starfsánægja	Einfalda dagskipulagið/minnka álag.	Rýna í dagskipulag. Deildarstjórar og deildarstarfsmenn	Ágúst 2018. Lokið í september 2018.	Deildarstjórar, deildarstarfsmenn og leikskólastjóri.	9. janúar á skipulagsdegi. Notum mánaðarlegar námsáætlanir og starfsáætlun sem matsgögn.	Markmiðið er að fylgja dagskipulagi og ná þeim markmiðum sem sett eru upp í námsáætlun sjá fylgiskjal 10.1.3
Hegðunarstefna. Velferð og líðan barna.	Gera hegðunaráætlun	Ákveða hvaða stefnu við ætlum að fylgja.	Sept. 2018. Lokið jan. 2019	Stjórnendateymi.	Endurmeta í maí 2020. Huglægt mat. Könnun lögð fyrir elstu börnin.	Betrumbæta hljóðvist. Minnka árekstra m.a. barna.
Kennsluaðferðir	Numicon Leikur að læra	Námskeið Innleiða og setja í dagskipulag	Ágúst 2018.	Stjórnendateymi.	Endurmeta maí 2018. Skráningar og huglægt mat.	Sjáum við þetta endurspeglast í leik barnanna.

	Okkar leið að markmiðum	Tímasetning aðgerða	Hvar	Hvernig	Niðurstöður metnar
Læsisáætlun. Málþroski, lestrarfærni og lesskilningur. Bókasafnsferð með börn fædd 2014	Orð mánaðarins: Eru tengd <u>haustinu</u> fram í miðjan nóv, en þá taka orð tengd <u>vetrinum</u> við. <u>Tengjum Lubba</u> inn í málörvun, vera vakandi fyrir orðum sem tengjast hausti og vetri. Dagur íslenskrar tungu Líkaminn minn „Bók“	Vikulega. Unnið er mis ítarlega með orðin, miðast við aldur og þroska barnanna. 28. nóv 16. nóv. 8. og 9. nóv	Í samverustund, hópastarfi, fataklefa, útinámi og þegar tækifæri er til. Bókasafn, Spöng Hópastarf,samverustund Samverustund	Bækur,söngvar,Lubbi. Spjald með mynd og stafi barns hengt upp og stafur barnanna sem þau mála. Gangandi Lesið, spurt út úr. STOPP.	Deildarfundi í lok mánaðarins.
Verk-, tækni- og listnám. Listnám í anda R.E Afmæli Hulduheima	Útinám í anda R.E. Áhersla á að börnin læri að vera í hóp, fari að fyrirmælum, kynnist nærumhverfi sínu. <u>Upphaf og endir ávallt eins.</u> Vasaljósadagur Snjór, vatn, listnám er tengist jólaundirbúning. Baráttudagur gegn einelti Leiksýning „Íslenski fillinn“	Hver hópur einu sinni í viku, samvinna milli deilda þ.e. tveir hópar sameinast í einn. 29. nóvember Nóvember 8.nóv 13. nóvember	Norðurgarður, gönguferðir. Hreiðri Hópastarf, frjáls tími Hópastarf, frjáls tími. Hulduheimar	<u>Litaspjöld, börnin finna eins liti.</u> <u>Vinna með vatn, snjó og liti.</u> Kennarar meðvitaðir um að grípa tækifærin og vinna með það sem börnin sýna áhuga á. 3-5 börn með kennara saman að prófa sig áfram, uppgötva leyndardóma ljós og skugga. Teikna, klippa,mála, líma. Mála bláa mynd Virðing, gleði vinátta.	Deildarfundi í lok mánaðarins.
Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi Einkunnarorð leikskólans Virðing, Gleði, Vinátta.	Orðin sett upp á vegg með táknrænum ljósmyndum sem teknar eru af börnunum í leik og starfi. Þær hengdar upp á vegg með börnunum og talað um þær í leiðinni. Fataklefi. Vinavika	Allt árið. 6-10 nóv	Allstaðar í öllu okkar starfi. Allstaðar	Í öllu okkar starfi, endurspeglast af samskiptum okkar, hvernig við tölum við börnin og hvort við annað. Í öllum okkar samskiptum.	Deildarfundi í lok mánaðar.

Fylgiskjal 10.1.2

Nóvember 2017	Okkar leið að markmiðum	Tímasetning aðgerða	Hvar	Hvernig	Niðurstöður metnar
Fjölmening	Málörvun,	Skipulagðar stundir og í daglegu starfi	Einrúmi, 1-3 börn í einu. Samverustundir.	Myndaspjöld, ljósmyndir af barni í leikskólaumhverfi. Lesa sömu bókina í samverustund fyrir öll börnin.	
Aðrar áherslur í starfi leikskólans Sækja um áframhaldandi aðild að Grænfána.					
Facebook	Efla samstarf við foreldra. Foreldraviðtöl	Setja færslu inn 2-3 í viku Okt og nóv	Deild Undirbúningsherbergi	Auglýsingar á heimasíðu, facebook og fataklefa	Deildarfundi í lok mánaðar.
Starfsmannaviðtöl	Hvatningar og leiðbeiningar-samtöl við starfsmenn deilda. Tækifæri fyrir starfsmenn að koma sínu á framfæri	Nóvember og apríl	Undirbúningsherbergi eða annarstaðar í einrúmi.	Deildarstjóri tekur viðtalið.	Deildarfundi í lok mánaðar.
Efnisveita	Klára efnisveitu í listakrök	nóvember	Yngri kjarni	Svanlaug og Villa	

Námsvið Leikskóla	Tækifæri til umbóta	Okkar leið að markmiðum	Tímasetning aðgerða	Gekk +	Gekk ekki -	Hvernig tókst til, hvað mátti betur fara.
Læsi og samskipti	Læsisáætlun. Málþroski, lestrarfærni og lesskilningur.	Lubba stundir: Dagur læsis Umhverfisvika Dagur ísl. náttúru	Á mánudögum á Sjónarhóli Á þriðjudögum á Kardemommubæ 8. sept 11-16. sept 16.sept.	+ + + +		<ul style="list-style-type: none"> Ákveðið að byrja ekki fyrr en í okt. Deildarstjórar nýttu sept. til að undirbúa starf vetrarins og aðlögun barna eftir sumarfrí. Deildarstjórar þurfa samfelldrari tíma í upphafi skólaárs til að undirbúa og samþætta starf vertrarins til að geta hafið faglegt starf í september. Lestrahvetjandi verkefni í boði á deildinni. Bókstafir, rím myndir og og púsl í boði. Farið í göngu um hverfið tínt rusl og flokkað er heim var komið. Mikil umræða skapaðist og börnin tóku virkan þátt með því að setja ruslið í mektar viðeigandi tunnur. Málað með náttúruafni
Heilbrigði og vellíðan	Einkunnarorð leikskólans Virðing, Gleði, Vináttu. Skipulagt útinám fyrir hvern aldurshóp. Brunaæfing	Einkunnarorð leikskólans ávallt höfð að leiðarljósi í starfi, umræðu og framkomu við börnin Líkaminn minn Útinám:	Allt árið Í mánuðinum Einu sinni í viku Vikunni 25.-29. sept	+ + +	-	<ul style="list-style-type: none"> Umræða í samverustund og í daglegu starfi Plakat þar sem börnin tjá sig um merkingu orðanna V-G-V Bókin lesin í litlum hópum og mikil umræða fór af stað og börnunum gefið tækifæri til að tjá sínar upplifanir og túlkun á umræðuefninu. Útinám hófst ekki fyrr en í okt. En farið var í gönguferðir út fyrir lóð í tengslum við umhverfisviku. Gekk vel, eldri börnin sem voru í fyrra á deildinni voru mjög örugg en yngri hópurinn á Sjónarhóli var ekki eins öruggur enda ekki tekið þátt í brunaæfingu fyrr. Undirbúa þarf þau börn sem flytjast á milli deilda betur fyrir æfinguna.

Fylgiskjal 10.1.2

Námsvið Leikskóla	Tækifæri til umbóta	Okkar leið að markmiðum	Tímasetning aðgerða	Gekk +	Gekk ekki -	Hvernig tókst til, hvað mátti betur fara.
Sjálfbærni og vísindi		Umhverfisvika Dagur ísl. náttúru	11.-16. sept 16.sept.	+ +	-	<ul style="list-style-type: none"> Farið í göngu um hverfið tínt rusl og flokkað er heim var komið. Mikil umræða skapaðist og börnin tóku virkan þátt með því að setja ruslið í merktar viðeigandi tunnur. Horft á myndefni um flokkun sorps. Börnin áhugasöm. Strá og ýmislegt tínt út garði og málað með náttúruefni.
Sköpun og menning	Fjölmening	Skipulagðar málörvunarstundir með tvítyngdum börnum Listnám í anda R.E Endurskipuleggja efnisveitu leikskólans Evrópski tungumáladagurinn	Í vetur Áhersla árið um kring okt. 26. sept.	+		<ul style="list-style-type: none"> Ekki hafið vegna þess að nýr sérkennslustjóri tók við í haust, en er í undirbúningi. Börnin hafa ávallt aðgang að trélitum, pappír og verðlausu efni í föndurvagni. Einnig er á döfinni að endurskipuleggja efnisveitu skólans. Ábyrgðaraðilar fara í verkið
Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi Einkunnarorð leikskólans Virðing, Gleði, Vinátta. Vinavika verður í nóvember		Barnaþing hefst í okt. Vinna verkefni um Barnasáttmálann með elstu börnunum á vorönn. Ræða um einkunnarorðin við börnin og búa til plakat.	Sept. 2017 – maí 2018			<ul style="list-style-type: none"> Gekk vel að vinna plakat með börnunum, ræða um einkunnarorðin og það hengt upp.
Aðrar áherslur í starfi leikskólans.		Efla samstarf við foreldra. Upplýsingar og fréttir settar á facebooksíðu deildar.	Dagleg samskipti.	+		<ul style="list-style-type: none"> Ávallt áhersla á jákvæð og uppbyggjandi samskipti á hverjum degi. Eitt foreldraviðtal. Gengur vel, Guðbjörg og Kristín umsjónamenn síðanna.
	Hópastarf	Tókst ekki		-		<ul style="list-style-type: none"> Eiginlegt hópastarf hefst í október
	Samverustundir	Tókst vel = 80-100% tilfella		+		<ul style="list-style-type: none"> Ganga vel, betur þegar hægt er að tvískipta þeim í yngri og eldri. Mikil veikindi á starfsmönnum í upphafi vetrar. En einungis einu sinni voru börn send heim vegna þessa.
	Dagskipulag	Tókst vel = 80-100% tilfella		+		<ul style="list-style-type: none"> Tókst vel að vinna eftir skipulagi. En dagskipulagið aðlagað að nýjum hópi.

NÓVEMBER 2017

Endurmat: Álfróll og Sólskinsbær.

Metið af deildarstjórum og deildarstarfsmönnum.

Dagsetning:

Tækifæri til umbóta	Okkar leið að markmiðum	Tímasetning aðgerða	Gekk +	Gekk ekki -	Hvernig tókst til, hvað mátti betur fara.
Læsisáætlun. Málþroski, lestrarfærni og lesskilningur.	<p>Orð mánaðarins: Eru tengd <u>haustinu</u> fram í miðjan nóv, en þá taka orð tengd <u>vetrinum</u> við. <u>Tengjum Lubba</u> inn í málörvun, vera vakandi fyrir orðum sem tengjast hausti og vetri.</p> <p>Dagur íslenskrar tungu Líkaminn minn „Bók“</p>	<p>Vikulega. Unnið er mis ítarlega með orðin, miðast við aldur og þroska barna.</p> <p>16. nóv. 8. og 9. nóv.</p>	+		<p>Í öllu starfinu úti og inni var unnið með orð sem tengjast haustinu. Orð sem tengdust Lubba komu þarna inn þá sérstaklega hlutir sem settir voru í Lubba kassana. Samverustundir á morgnana eru mjög góðar, lesið er fyrir börnin í litlum hópum, stundum er sama bókin lesin fyrir hvert barn í hópnum, þ.e. hvert barn sest í fang kennarans og bókin er lesin aftur og aftur. Mikil málörvun og einstaklingsþjálfun á sér stað.</p> <p>Pula: Fingrapula, samvinnuverkefni með Sólskinsbæ, handafar stimplað og þulan í miðjunni. Loðtöflusaga með fingrapulu lesin. Lesin í litlum hópum, spurt út úr, STOPP..</p>
<p>Verk-, tækni- og listnám.</p> <p>Vasaljósadagur</p> <p>Listnám í anda R.E</p> <p>Baráttudagur gegn einelti</p> <p>Afmæli Hulduheima</p>	<p>Útinám í anda R.E. Áhersla á að börnin læri að vera í hóp, fari að fyrirmælum, kynnist nærumhverfi sínu.</p> <p><u>Upphaf og endir ávallt eins.</u></p> <p>Snjór, vatn, listnám er tengist jólaundirbúning.</p> <p>Mála bláa mynd</p> <p>Leiksýning „Íslenski filinn“</p>	<p>Hver hópur einu sinni í viku, samvinna milli deilda þ.e. tveir hópar sameinast í einn.</p> <p>29. nóvember</p> <p>Nóvember.....</p> <p>8.nóv</p> <p>11. nóvember</p>	+		<p>Tveir hópar fóru í útinám þar sem mikil málörvun átti sér stað. Ekki voru allir með sömu verkefni, miðast þau við aldur og þroska og áhuga hverju sinni.</p> <p>Tígrahópur: Farið var með litaspjöld út „form“ börnin fundu svo eins liti úti í náttúrunni. <u>Skráning gerð.</u></p> <p>Gríslahópur:</p> <p>Bansímonhópur á Álfróli fór ekki í útinám. Okkar reynsla er að þau eru of ung, en þau fóru í útiveru þar sem stutt var við þau í leik og starfi.</p> <p>Tókst vel, margir með vasaljós, góð stund inni í hreiðri í myrkrinu, tilraunir gerðar, lýst í gegnum rauðar og hvítar dollur, búnir til skuggar ofl. Lítið af myndum.</p> <p>Laufblöð sem búið var að þurrka límd á blað, Laufblaðatré „nokkrir“. Jólaundirbúningur hófst, umbúðarappír kláraður og byrjað á jólagjöf. Ekki tókst að vinna sérstaklega með snjó, en börnin léku sér í pollum.</p> <p>Virðing gleði vinátta – myndir teknar, hengdar upp á vinatréð og inná deild. Loðtöflusagan um Rauða fiskinn lesin. Blá mynd ekki máluð.</p> <p>Frábær leiksýning sem hélt athygli barnanna ágætlega.</p>

Fylgiskjal 10.1.3

Tækifæri til umbóta	Okkar leið að markmiðum	Tímasetning aðgerða	Gekk +	Gekk ekki -	Hvernig tókst til, hvað mátti betur fara.
<p>Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi</p> <p>Einkunnarorð leikskólans Virðing, Gleði, Vinátta. Vinavika</p>	<p>Orðin sett upp á vegg með táknrænum ljósmyndum sem teknar eru af börnunum í leik og starfi. Þær hengdar upp á vegg með börnunum og talað um þær í leiðinni.</p>	<p>Allt árið.</p> <p>6 til 10.nóv</p>	<p>+</p> <p>+</p>		<p>Var tengt við dag eineltis og vinaviku, bækur lesnar, söngvar sungnir og myndir hengdar á vinatré í forsofu og inn á deild. Bókin „Líkaminn minn“ lesin.</p> <p>Mikil umræða um vináttu í leik og starfi.</p>
<p>Fjölmening</p>	<p>Málörvun</p>	<p>Skipulagðar stundir og í daglegu starfi</p>	<p>+</p>	<p>-</p>	<p>Ekki farið til sérkennslustjóra í skipulagðar stundir. Stundir í daglegu starfi vel nýttar, allir meðvitaðir. Mikil áhersla á samverustund fyrir hádegi.</p>
<p>Aðrar áherslur í starfi leikskólans.</p> <p>Klára efnisveitu.</p>	<p>Efla samstarf við foreldra. Upplýsingar og fréttir settar á facebooksíðu deildar.</p>	<p>Dagleg samskipti;</p>	<p>+</p> <p>+</p> <p>+</p>	<p>-</p> <p>-</p>	<p>Ávalt áhersla á jákvæð og uppbyggjandi samskipti á hverjum degi. Foreldraviðtöl í okt og nóv gengu vel.</p> <p>Upplýsingar, auglýsingar og fréttir gengu vel, megum bæta daglegar upplýsinga á facebook síðu..</p> <p>Tókst að mestu smá lagfæringar eftir.</p>
<p>Starfsmannaviðtöl</p>	<p>Hvatningar og leiðbeiningarsamtöl við starfsmenn deilda. Tækifæri fyrir starfsmenn að koma sínu á framfæri</p>	<p>Nóvember og apríl</p>	<p>+</p>		<p>Viðtöl kláruð, nýttum deildarfund.</p>
<p>Hópastarf</p>	<p>Tókst vel = 80-100% tilfella</p>		<p>+</p>		<p>Tókst vel að framkvæma.</p>
<p>Samverustundir</p>	<p>Tókst vel = 80-100% tilfella</p>		<p>+</p>		<p>Ganga vel, skiptum nánast alltaf á morgnana, gott að vera tvær saman f.h.</p>
<p>Dagskipulag</p>	<p>Tókst vel = 80-100% tilfella</p>		<p>+</p>		<p>Tókst vel að vinna eftir dagskipulagi.</p>
<p>Tónlistarstundir</p>	<p>Tókst vel = 80-100% tilfella</p>		<p>+</p>		<p>Tókst mjög vel, alltaf á þriðjudögum.</p>
<p>Útinám</p>	<p>Tókst vel = 80-100% tilfella</p>		<p>+</p>	<p>-</p>	<p>Gekk ágætlega hjá tveimur elstu, okkur finnst börnin mjög ung og ekki ná því sem verið er að gera. Þau fara samt alltaf út nema ef garður og veður leyfa það ekki.</p>

Viðmið um árangur
Niðurstöður metnar - náðust markmið?

Viðmið um árangur
Niðurstöður metnar - náðust markmið?

Mars 2018 Námsáætlun Álfról, unnin út frá starfsáætlun, skólanámskrá og starfsáætlun

Umbóta þættir	Markmið með umbótum. <i>Að hverju er stefnt?</i>	Aðgerðir til umbóta: Hvar og hvernig	Tíma-áætlun	Tókst + Ekki -	Viðmið um árangur Endurmat, náðust markmið, voru börnin ánægð, tóku þau þátt.
3.1. Málþroski, letrarfærni og lesskilningur	Unnið samkvæmt læsis-jafnréttisáætlun Hulduheima. Unnið með orð tengd vetrinum frá miðjum nóv og út apríl. Lubbi tengist þessu. <i>Jarðskjálftaæfing</i>	Í samverustundum, fataklefa, við matarborðið. Vöndum ávallt málfar okkar. Lestur, þulur, söngur, vísur, rím, (bull rím í Lubbastundum) daglegar athafnir, umræða, opnar spurningar, hlustun, barn vikunnar, ferilmappa, skráningar, loðtöflusögur. <i>Lesu Alvör og Alvar í samveru, líkja eftir jarðskjálfta, yfirlitskráning.</i>	6.mar		Höfum verið að prófa rím og bull orð með elstu börnunum, en þau eru ekki farin að átta sig á rými. Sungum mikið og lássum bækur, erum duglegar að setja í ferilmöppuna og að skoða með börnunum. <i>Bókin um Alvör og Alvar lesin, ekki gerð skráning en myndir teknar og settar inn á heimasíðu og facebook.</i> Börnin voru áhugasöm og virk í þessum verkefnum.
3.2 Verk-, tækni- og listnám. Menningarviðburðir	Útinám með áherslu á nærumhverfi leikskólans. <i>Útivera. Bókasafnsferð. Nestisdagur</i>	Tígrahópur, einu sinni í viku, áhersla á að börnin læri að vera í hóp, fari að fyrirmælum, kanni umhverfi sitt. <i>Útivera daglega, áhersla á sjálfstæði. 2014 börn, eitt 2015 barn + börn af Sólskinsbæ</i>	1. feb 16. mars		Ekki skipulagt útinám. <i>Mjög dugleg að vera úti, aðstoðum börnin eftir þörfum en hvetjum þau til að gera sjálf. Börnin áhugasöm og sjálfstæð í útiveru. Bókasafnsferðin gekk mjög vel, farið var með 2014 og 2015 börnin búið var að fara vel yfir reglurnar. Við hlustuðum á tvær sögur, klæddum okkur í og fórum aftur í leikskólann. Nestisdagurinn gekk mjög vel, allir komu með nesti.</i>
3.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi	Einkunnarorðin Virðing, gleði, vinátta ávallt höfð að leiðarljósi í starfinu, öllum samskiptun og gerð sýnilegri í leikskólanum	Einkunnarorðin hengt upp á vegg sem og táknrænar ljósmyndir af börnunum í leik og starfi. Þær hengdar upp á vegg með börnunum og talað um þær í leiðinni. Vera með börnunum í leik, leiðbeina þeim í samskiptum, kenna virðingu, gleði og vináttu.	Unnið með þetta allt árið		Einkunnarorð leikskólans ávallt í hávegum höfð, lítið var hengt á vegginn okkar en nokkrar myndir fram á tréð. Leggjum áherslu á vináttu og samvinnu í samverustundum, syngum m.a. lagið "við erum vinir". Lögðum áherslu á að vera á gólfinu í leik með börnunum, leiðbeina og kenna þeim að leika sér og deila. Börnin sýndu myndum á veggnum okkar áhuga og er gaman að sjá samskiptin sem þau eiga sín á milli þegar þau skoða þær.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum. Að hverju er stefnt?	Aðgerðir til umbóta: Hvar og hvernig	Tíma-áætlun	Tókst + Ekki -	Endurmat; náðust markmið?
3.4 Fjölmening	Unnið samkvæmt læsis-jafnréttisáætlun Hulduheima	Markmið að Liliana fái eina til tvær málörvunarstundir á viku = Steinunn. Áherlsa er á að talað sé rólega við hana, bækur skoðaðar með henni. Orð lagt á hluti. Bókin hennar skoðuð.	Daglega	+	Liliana hefur fengið eina til tvær stundir á viku, allir starfsmenn eru meðvitaðir og duglegir að tala við hana, leggja orð á hluti. Bókin hennar er mikið skoðuð.
4 Aðrar áherslur í starfi leikskólans	Vinna áfram að því að uppfylla skrefin sjö. Skoða gátlista einu sinni á hvorri önn.	Á deildarfundi.			Höfum ekki skoðað gátlistann eftir áramót.
	Vinna eftir og uppfylla alla þætti dagskipulags.	Samverustundir, Lubbastundir , hópastarf, útinám og útivera . Tókst vel = 80-100%	Daglega		Samverustundir gengu mjög vel, báðar tvískiptar. Lubbastundir ekki nógu markvissa. Útivera á hverjum degi og yfirleitt tvisvar á dag. Útinám var ekki.
	Áhersla á fínhyfiverkefni.	Skoða grip, teikna höfðufætlu og gera skráningu. Klippa, perla, þræða , leira, púsla o.fl.	febrúar		Grip voru gerð fyrir foreldraviðtölin og unnin voru fjölbreytt fínhyfiverkefni. Skráning = fingurgrip.
	Brunaæfing	Fara yfir viðbrögð við eldsvoða á deildarfundi og í samveru með börnunum	26.2-2.3		Brunaæfing gekk vel, farið var yfir viðbrögð við bruna, var samt ekki á þessum degi
	Foreldraviðtöl		14 og 21. mars		Foreldraviðtölin gengu vel það komu allir í viðtöl. Eftir fyrri daginn gekk vel að miðla inn á deild, en of langur tíma leið frá seinni viðtalsdegi. Páskar komu inn í og deildarfundur féll niður.
	Jarðskjálftaæfing		6.mar		Gekk mjög vel, börnin dugleg og áhugasöm að æfa sig í að fara undir borð, skýla, krjúpa og halda.

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Sumarlokun	1 L	1 M Foreldravíðtöl í mánuðinum	1 F	1 L Fullveldisdagurinn	1 Þ Nýársdagur	1 F Dagur stærðfræðinnar	1 F Foreldravíðtöl í mánuðinum	1 M Brunaæfing í vikunni	1 M Barnamenningarhátíð Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 F Sumarlokun	2 S	2 Þ	2 F	2 S Fyrsti í aðventu	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 F Barnamenningarhátíð	2 S Sjómannadagurinn	2 Þ
3 F Sumarlokun	3 M Danskennsla	3 M	3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F Barnamenningarhátíð	3 M	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F Leikfangadagur	4 M	4 M Bolludagur	4 F	4 L Barnamenningarhátíð	4 Þ	4 F
5 S	5 M	5 F Jarðskjálftaæfing	5 M Vinavika	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ Sprengidagur	5 F	5 S Barnamenningarhátíð	5 M	5 F
6 M Frídagur verslunarmanna	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 S Þrettándinn	6 M Dagur leikskólans	6 M Öskudagur	6 L	6 M Umhverfisvika	6 F	6 L
7 Þ Sumarlokun	7 F	7 S	7 M	7 F Kaffihúsastemming	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ	7 F Útleikfangadagur	7 S
8 M Sumarlokun	8 L Dagur læsis	8 M Menningarvika	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 L	8 Þ	8 F Nestisdagur	8 F Jarðskjálftaæfing	8 M	8 M	8 L	8 M
9 F Opnum aftur eftir sumarfrí	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M Skipulagsdagur	9 L	9 L	9 Þ	9 F	9 S Hvítasunnudagur	9 Þ
10 F	10 M Umhverfisvika Aðlögun nýrra barna	10 M Danssýning	10 L	10 M	10 F	10 S	10 S	10 M	10 F	10 M Annar í hvítasunnu	10 M
11 L	11 Þ Aðlögun nýrra barna.	11 F	11 S Afmæli Hulduheima	11 Þ Stekkjastaur kemur í kvöld	11 F	11 M	11 M	11 F	11 L	11 Þ Þjóðhátíðarvika	11 F
12 S	12 M Aðlögun nýrra barna	12 F Viðburður tengdur menningarviku	12 M Jólaundirbúningur hefst	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 Þ	14 F	14 S	14 M Jólaverkstæði foreldrar	14 F Jólaball	14 M	14 F	14 F	14 S Pálmásunnudagur	14 Þ	14 F Fögnum lýðveldi Íslendinga með skruðgöngu og gleði	14 S
15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 F	15 M Foreldradagur	15 M	15 L	15 M
16 F	16 S Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 S	16 M Vasaljósadagur	16 L	16 L	16 Þ Foreldradagur	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 M	17 M Skipulagsdagur allra skóla í Grafarvogi.	17 L	17 M Brunaæfing í vikunni	17 F	17 S Konudagur	17 S	17 M Foreldradagur	17 F	17 M Lýðveldisdagurinn	17 M
18 L	18 Þ Foreldrafundur Kardemommubæjar	18 F Vetrafri grunnskóla	18 S	18 Þ	18 F	18 M Dömkaffi	18 M Skipulagsdagur allra skóla í Grafarvogi	18 F Skírdagur	18 L	18 Þ	18 F
19 S	19 M Foreldrafundur Álf og Sól. Slökkvilið í heimsókn	19 F Vetrafri grunnskóla	19 M	19 M	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F Föstudagurinn langi	19 S	19 M	19 F
20 M	20 F Foreldrafundur Sjónarhóll	20 L	20 Þ Dagur mannréttinda barna	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F	21 F Alþjóðdagur móðurmálsins	21 F Dagur fjölbreytileikans	21 S Páskadagur	21 Þ	21 F
22 M Skólasetning grunnskóla	22 L	22 M Vetrafri grunnskóla	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F	22 M Annar í páskum	22 M	22 L	22 M
23 F	23 S	23 Þ	23 F Skipulagsdagur	23 S Þorláksmessa	23 M	23 L	23 L	23 Þ	23 F Útskrift elstu barna. Kveðjustund	23 S	23 Þ
24 F Skipulagsdagur	24 M Vetrafri starf hefst Brunaæfing í vikunni	24 M	24 L	24 M Aðfangadagur jóla	24 F	24 S	24 S	24 M	24 F Skipulagsdagur allra skóla í Grafarvogi	24 M Hjóladagur	24 M
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ Jóladagur	25 F Bóndadagur Herrakaffi	25 M Vetrafri grunnskóla	25 M Menningarvika	25 F Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur	25 L	25 Þ Hjóladagur	25 F
26 S	26 M Evrópski tungumáladagurinn	26 F Bangsadagur Náttfatadagur	26 M	26 M Annar í jólum	26 L	26 Þ Vetrafri grunnskóla	26 Þ	26 F Diskódagur	26 S	26 M Hjóladagur	26 F
27 M Aðlögun nýrra barna	27 F	27 L Fyrsti vetrardagur. Alþjóðlegi bangsadagurinn	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F Hjóladagur	27 L
28 Þ Aðlögun nýrra barna	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F Þróttadagur	28 S
29 M Aðlögun nýrra barna	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ		29 F Viðburður tengdur menningarviku	29 M	29 M Útskriftarferð elstu barna	29 L	29 M
30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 M		30 L	30 Þ Barnamenningarhátíð	30 F Uppstigningardagur	30 S	30 Þ
31 F		31 M		31 M Gamlársdagur	31 F		31 S		31 F		31 M

Starfsáætlun 2018 – 2019

Hulduheimar

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Guðný Tryggvadóttir Arndal
María Dís Knudsen
Sveinborg Hafliðadóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahlald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundur og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal

ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Góð markmið hafa verið sett fyrir komandi skólaár og vel var unnið með markmiðin á síðastliðnu skólaári. Innra mat skólans er vel unnið og alltaf er skoðað hvort og hvernig hægt er að gera hlutina betur. Í innra mati skólans er gaman að sjá hve mikil áhersla er lögð á að taka vel á móti börnunum og láta þeim líða vel. Vinnan sem unnin er á deildunum er fjölbreytt og tekur á öllum þáttum sem lagt er til í skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans s.s. unnið með gróf- og fínhreyfingar, auka sjálfstæði, sjálfshjálp og sjálfstraust og undirbúa börnin fyrir áframhaldandi nám. Einnig er mikið af ýmis konar uppbroti sem lífgar upp á skólastarfið. Barn vikunnar er skemmtilegt og spennandi verkefni sem eykur sjálfstraust hjá börnunum. Það væri gaman að sjá meira af útikennslu eins og kemur fram í umbótaþáttunum á öllum deildum. Spennandi verður að sjá hvernig aukið verður við tónlistarkennslu á næsta skólaári með nýjum hljóðfærum sem skólinn fékk að gjöf. Margar deildir hafa það verkefni sem hluta af umbótaþætti fyrir komandi skólaár.

Sérkennslan í vetur hefur ekki alveg farið eftir starfsáætluninni vegna þess að nýir starfsmenn þurftu að koma sér inn í starfið og kom það niður á málörvun á deildunum. Sérkennarar voru duglegir að nýta sér utanaðkomandi aðstoð og hafa byggt upp öfluga sérkennslu sem mun nýtast þeim á næsta ári.

Starf leikskólans með fjölmenningu hefur verið sýnileg á veggjum leikskólans líkt og fyrri ár. Sérkennslustjóri leikskólans vinnur með fjölmenningu í samstarfi við verkefnisstjóra í fjölmenningu hjá Reykjavíkurborg. Unnið er í verkefnum tengdum menningardögum og taka mið af aldri og þroska barnanna. Stuðst er við upplýsingar frá menningarnefnd sem dreift er á deildir leikskólans. Tvisvar á ári er ákveðið land tekið fyrir og menning þess kynnt fyrir börnunum. Ávallt er valið land sem eitt af þeim tvítýngdu börnum sem sækja leikskólann eru frá. Foreldrar þeirra barna eru einnig virkjaðir í að kynna landið fyrir börnunum. Unnið er með íslensku sem annað mál og virkt tvítýngi. Lögð er áhersla á einfalt mál, endurtekningar, tíu mínútna regluna og gátlisti notaður til að fylgjast með framförum ásamt TRAS. Unnið er markvisst með foreldrum tvítýngdra barna.

Hulduheimar hafa unnið mikið í því að bæta samstarf við foreldra með ýmsum hætti. Leikskólinn hefur gert leikskólastarfið meira sýnilegt í gegnum samfélagsmiðla (Facebook) ásamt því að senda viðburðadagatal mánaðarins. Fulltrúar foreldraráðs sakna mánaðarlegra fréttabréfa sem send voru en hafa nú verið lögð af. Viðburðir eru almennt vel auglýstir á samfélagsmiðlum, í dagatali og í tilkynningum í anddyri.

Starfsfólk deilda er meðvitað um mikilvægi þess að upplýsa foreldra um hvernig dagur barnsins gengur fyrir sig í leikskólanum. Foreldrar á yngri deildum gátu fylgst með hvernig barnið þeirra borðar í hádeginu á skráningarblöðum. Leikskólinn heldur foreldrafundi árlega að hausti þar sem foreldrar eru upplýstir um leikskólastarfið og áherslur deilda. Foreldraráð telur þetta vera mjög jákvætt. Mögulega mætti auka þátttöku foreldra með því að endurskoða tímasetningu en fundirnir eru haldnir að morgni til frá kl. 9:00-10:00. Sama á við um foreldra kaffi. Foreldraráð telur það til góðs ef möguleiki er á að hafa það á mismunandi tíma dag til þess að koma til móts við mismunandi vinnutíma foreldra.

Viðhorfskönnun var síðast lögð fyrir foreldra vorið 2017. Niðurstöður sýndu að almennt eru foreldrar ánægðir með leikskólann og þá starfsemi sem þar fer fram. Helst bar á að auka þyrfti að leikskólinn leiti eftir tillögum og hugmyndum frá foreldrum. Einnig mætti auka samtal foreldra og leikskóla á samfélagsmiðlum líkt og áður hefur komið fram. Leikskólinn hefur unnið í þeim athugasemdum og til að mynda aukið samtal við foreldra á samfélagsmiðlum. Foreldraráð hvetur starfsfólk leikskólans til þess að halda áfram á sömu braut og hlúa vel að samstarfi við foreldra.

Foreldrafélag leikskólans hefur verið virkt á skólaárinu en eitthvað hefur verið um að skipulagðir viðburðir hafi fallið niður s.s. jólaföndur og bíóferð. Síðustu tvö ár hefur verið haldin sumarhátíð í júní sem hefur lukkast vel. Fulltrúar foreldraráðs sakna þó sveitaferðar sem farið var í annað hvert ár á móti sumarhátíð. Mikið hefur verið um að sömu einstaklingar hafi verið að sinna störfum í foreldrafélagi og foreldraráði. Efla þarf fleiri foreldra til að taka þátt í því starfi.

Viðhorfskönnun var lögð fyrir starfsfólk Hulduheima á skólaárinu en niðurstöður hafa ekki verið kynntar foreldraráði né aðgengilegar í starfsáætlun. Að sögn leikskólastjóra hefur verið óskað eftir gögnum en þau ekki borist. Ekki var lögð viðhorfskönnun fyrir foreldra á skólaárinu 2017 - 2018 en það var síðast gert árinu áður (2016 - 2017).

Á skólaárinu 2017-2018 hefur gengið vel að manna stöður. Einhver veikindi hafa verið meðal starfsfólks en ekki kom til þess að börn væru send heim vegna þessa. Ójafnt álag sem fram kemur í viðhorfskönnun starfsfólks má mögulega rekja til veikinda meðal starfsfólks. Foreldrar eru ánægðir og meta það mikils að ekki hafi komið til þess að börn væru send heim vegna manneklu á skólaárinu. Einnig er ráðið sammála skólustjórnendum að sveitarfélagið þurfi að leita leiða til þess að draga úr að börn geti ekki mætt í leikskólann vegna manneklu, sérstaklega í ljósi þess að ákvörðun hefur verið tekin um að fjölga barngildum fyrir komandi skólaár.

Alls starfa 21 einstaklingar á Hulduheimum þar af eru sjö (33%) menntaðir leikskólakennarar og þrír með aðra háskólamenntun. Á sama tíma árið 2017 voru 20 starfandi á leikskólanum, þar af átta (40%) menntaðir leikskólakennarar og einn menntaður grunnskólakennari. Árið 2016 voru 21 starfandi á leikskólanum þar af átta (38%) menntaðir leikskólakennarar, einn grunnskólakennari og einn framhaldsskólakennari. Leikskólinn hefur haft hærra hlutfall leikskólakennara í vinnu en almennt gengur og gerist en dregið hefur úr hlutfalli starfandi leikskólakennara á Hulduheimum frá árinu á undan eða um 7%. Meðaltal starfandi leikskólakennara í leikskólum landsins árið 2016 var 32,2%. Mikilvægt er að leikskólinn vinni gegn þessari þróun og haldi áfram að halda í og laða að sér faglært starfsfólk til starfa.

Á skólaárinu 2017 - 2018 var unnið að drögum að áætlun um samstarf milli leik - og grunnskóla í málþroska og læsi. Mælt er til þess að leik - og grunnskólar í sömu hverfum geri þessa áætlun. Því þykir foreldraráðinu miður að samstarfið hafi ekki gengið og verið fellt niður. Á hinn bóginn er ánægjulegt að leikskólinn vinni áfram að þróunarvinnu við læsisáætlun, miðju máls og læsis (MML). Markmiði með samstarfi Vættaskóla - Borgir, Hulduheima og Hvergilands miðar að því að auðvelda börnunum flutninginn af fyrsta skólastigi á annað, þetta finnst foreldraráðinu frábært. Við viljum svo hvetja leikskólann til að vera dugleg að nota íþróttarsalinn í Vættaskóla áfram þegar kostur er á, enda hreyfing góð fyrir alla.

Vel er staðið að endurmenntun starfsfólks. Endurmenntun fer að mestu fram á starfsdögum en þeir eru sex á hverju skólaári. Mikilvægt er að foreldrar séu upplýstir um hvað gert er á skipulagsdögum. Mikil fjölbreytni er í fræðslu til starfsfólks sem er ánægjulegt. Samtöl stjórnenda við starfsfólk fara fram reglulega. Bæði er um að ræða formleg starfsmannviðtöl / starfsþróunarviðtöl og önnur óformlegri viðtöl við starfsfólk. Ánægjulegt er að sjá hve vel er staðið að móttöku nýliða á leikskólanum.

Að lokum viljum við þakka Bryndísi leikskólastjóra fyrir vel unnin störf og bjóðum Elínu Rós velkomna til starfa.